



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/402**  
**komudagur 26.11.2013**

Reykjavík, 26.11.2013  
Tilvísun vor: 00.11


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.**

Frumvarpið varðar breytingu á 12. gr. laganna og kveður á um að hafi framkvæmdir ekki hafist innan 7 ára (10 ár í gildandi lögum) skuli viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Í 2. mgr. 12. gr. eru talin upp nokkur atriði sem leitt geta til að endurskoða þurfi matsskýrslu.

Þessi breytingartillaga er hliðstæð ákvæði í frumvarpi um breytingar á ofangreindum lögum, sem lagt var fyrir Alþingi fyrst á 130. löggjafarþingi (mál nr. 301) og síðan aftur á 131. löggjafarþingi (mál nr. 235), þar sem lagt var til að miðað yrði við 6 ár í stað 10. Þessum áformum var mótmælt í umsögn frá Samorku sem Landsvirkjun átti aðild að. Þá var m.a. bent á að jafnvel 10 ár væri stuttur tími við hönnun og undirbúning framkvæmda og að við flókin og tímafrekan undirbúning gæti slík stytting á tíma unnið gegn því að matsáætlun verði unnin eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Með vísan til þeirra sjónarmiða ákvað Alþingi á sínum tíma að ekki væri ástæða til að breyta umræddum tímamörkum endurskoðunar. Þessi sjónarmið eiga að mati Landsvirkjunar einnig við þegar um er að ræða tillögu um styttingu tímans niður í 7 ár.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir endurskoðun matsskýrslu að loknum 10 árum hefur Landsvirkjun ávallt haldið viðkomandi leyfisveitendum og Skipulagsstofnun upplýstum um þær breytingar sem hafa orðið á hönnun mannvirkja á undirbúningstíma með tilliti til fyrirbyggjandi mats á umhverfisáhrifum eins og t.d. við fyrirhugaðar virkjanir í neðanverðri Þjórsá. Einnig eru dæmi um að við deiliskipulag, sem er á ábyrgð leyfisveitenda, hafi verið gengið lengra og gerðar meiri kröfur en í úrskurði eða álit Skipulagsstofnunar. Landsvirkjun telur bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að framkvæmdaraðili fylgist með lagabreytingum, breytingum á landnýtingu o.fl. sem gætu haft áhrif á framkvæmd og hafi frumkvæði að því að leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort það þurfi að endurskoða mat að hluta eða í heild jafnvel þó að 10 ár séu ekki liðin frá því að álit var gefið út. Vegna Bjarnarflagsvirkjunar hefur Landsvirkjun sent Skipulagsstofnun erindi þar að lútandi, þó 10 ár séu ekki liðin frá úrskurði.

Með frumvarpinu er jafnframt lögð fram sú tillaga að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála geti óskað eftir slíkri endurskoðun í samræmi við ákvæði Árósasamningsins um þátttöku almennings í ákvörðunum á sviði umhverfismála. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að Árósasamningurinn kveði ekki á um að veita eigi félagasamtökum heimild til þess að óska eftir endurskoðun á matsskýrslu. Í Árósasamningi er kveðið á um að veita eigi almennungi aðgang og upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum, rétt til að koma að sjónarmiðum í slíku ferli og jafnframt rétt til þess að láta reyna á slíkar ákvarðanir. Slík réttindi



hafa nú þegar verið tryggð í gildandi lögum. Í því sambandi má til dæmis benda á 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem fjallað er um kynningar og athugasemdaferli við mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt ákvæðinu er skylt að auglýsa og kynna frummatsskýrsla og er öllum veittur kostur á að koma að athugasemdum. Í álit Skipulagsstofnunar skal svo fjalla um og taka afstöðu til athugasemda og umsagna sem berast í slíku ferli. Réttindi almennings samkvæmt Árósasamningi hafa jafnframt verið tryggð með 14. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ákvarðanir Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eru kæránlegar til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála. Að mati Landsvirkjunar hafa réttindi samkvæmt Árósasamningi verið innleidd í íslenskan rétt.

Í dag er framkvæmdin sú samkvæmt lögnum að um leið og framkvæmdaraðili leggur fram umsókn skal leyfisveitandi leita eftir álit Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða eigi matsskýrslu. Það er því ekki fyrr en að framkvæmdaraðili ákveður að fara í framkvæmdina að ákvæðið verður virkt. Annað væri óeðlilegt. Ef félagasamtökum yrði veitt heimild til að fara fram á endurskoðun, myndi það þýða að framkvæmdaraðili þyrfti að leggja út í kostnað við endurskoðun, óháð því hvort til staði að fara í framkvæmdina eða ekki. Slíkt yrði mjög íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila. Eðlilegt er að endurskoðun haldist í hendur við það hvort til standi að fara í framkvæmd. Til eru fjölmörg fordæmi þess að framkvæmdir hafa farið í mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaraðilar hafa hætt við framkvæmdir. Ef ákvæði frumvarpsins yrði samþykkt myndi það þýða að framkvæmdaraðilar yrðu að láta endurskoða slík mót óháð því hvort fara ætti í framkvæmd eða ekki.

Landsvirkjun bendir sérstaklega á að komi til endurskoðunar matsskýrslu er réttur félagasamtaka sem og annarra til að koma að sjónarmiðum við slíkt ferli tryggður samkvæmt núgildandi lögum. Ef tekin er ákvörðun um að endurskoða matsskýrslu skal farið eftir ákvæðum 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem matsskýrsla er kynnt, auglýst og aðilum er gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Endanlegar ákvarðanir Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu eru jafnframt kæránlegar til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála. Að mati Landsvirkjunar hafa réttindi félagasamtaka sem og annarra samkvæmt Árósasamningi verið innleidd í íslenskan rétt.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið leggst Landsvirkjun gegn þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Að öðru leyti vísast til umsagnar Samorku.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri